

BRÚÐKAUPIÐ MITT



Árshlutauppgjör
1F 2022

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

26. apríl 2022



Rekstur






Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	1F			
	2022	2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.093	6.018	75	1,2%
Kostnaðarverð sölu	(3.762)	(3.783)	21	-0,6%
Rekstrarkostnaður	(1.757)	(1.731)	(26)	1,5%
EBIT	574	504	70	13,9%
Hrein fjármagnsgjöld	92	(31)	123	-396,8%
Tekjuskattur	(113)	(97)	(16)	16,5%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	553	376	177	47,1%
Aflögð starfsemi	193	2.508	(2.315)	-92,3%
Hagnaður tímabils	746	2.884	(2.138)	-74,1%
EBITDA	1.327	1.274	53	4,2%
Hagnaður á hlut	0,08	0,34	(0,26)	-76,5%

Fjórðungurinn





- Tekjur aukast frá 1F 2021
 - Farsímatekjur aukast um tæp 9%
 - Tekjur af sjónvarpsþjónustu hækka um tæp 3%
 - Vörusala lækkar frá 1F 2021
- Framlegð eykst um 3,5%
- Rekstrarhagnaður eykst um 14%
- EBITDA eykst um rúm 4%
 - Heildarkostnaður stendur í stað á milli ára
- Hagnaður af reglulegri starfsemi eykst um 47%
 - 17% ef leiðrétt er fyrir 113 m.kr. söluhagnaði af eignarhlut í Auðkenni.
 - Breytingar á fjármagnsskipan á fyrri helmingi 2021 hafa áhrif til lækkunar á fjármagnstekjum Símans.





Tekjur eftir starfspáttum

Starfspættir	1F			
	2022	2021	Breyting	%
Farsími	1.413	1.300	113	8,7%
Talsími	378	406	-28	-6,9%
Gagnaflutningur	1.858	1.859	-1	-0,1%
Sjónvarpsþjónusta	1.673	1.625	48	3,0%
Vörusala	449	518	-69	-13,3%
Annað	322	310	12	3,9%
Samtals	6.093	6.018	75	1,2%





Rekstur 1F 2022

Afkomubati á milli ára

- EBITDA eykst um 4,2% frá 1F 2021
- Rekstrartekjur hækka á milli tímabila
 - Tekjur af farsíma hækka um tæp 9% sem skýrist af góðu gengi þrennu og auknum SMS magnsendingum. Reikitekjur vegna Íslendinga aukast umtalsvert en minni aukning vegna erlendra ferðamanna.
 - Enn vöxtur í Sjónvarpi - auglýsingatekjur aukast á milli tímabila.
 - Gagnaflutningstekjur standa í stað.
- Rekstrarhagnaður eykst um 70 m.kr. á milli tímabila
 - Afskriftir nánast óbreyttar á milli ára.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi eykst um tæpar 180 m.kr.
 - Söluhagnaður af hlut Símans í Auðkenni nam 113 m.kr.
 - Síminn hafði vaxtatekjur af 16 ma.kr. fjármögnun til Mílu á 1F 2021. Míla var endurfjármögnuð með ytra láni í upphafi 2F 2021 og í kjölfarið var allri fjármögnun innan samstæðu hætt.
- Launakostnaður hækkar um 48 m.kr. eða 4,7%
 - Skýrist mest af kostnaði vegna starfsloka á 1F 2022.
- Stærstu kostnaðarliðir breytast lítið á milli ára
 - Aðkeypt ráðgjöf lækkar talsvert.
 - Markaðskostnaður hækkar en sölukostnaður lækkar.
- Kostnaður við sölu Mílu er færður sem fyrirframgreiddur kostnaður
 - Færist á móti söluhagnaði þegar viðskiptin klárast.
- Áhrif af aflagðri starfsemi á 1F 2022 er eingöngu vegna rekstrar Mílu
 - Á 1F 2021 féllu, auk Mílu, rekstur Sensa og söluhagnaður Sensa þar undir.







Efnahagur og sjóðstreymi



Efnahagsreikningur

Eignir	31.03.2022	31.12.2021
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir.....	2.123	2.219
Leigueignir.....	716	753
Óefnislegar eignir.....	19.055	19.403
Aðrar eignir.....	544	675
Fastafjármunir	22.438	23.050
Veltufjármunir		
Birgðir.....	1.227	923
Viðskiptakröfur.....	2.189	2.234
Aðrar skammtímakröfur.....	3.587	3.082
Handbært fé.....	3.759	3.509
Eignir flokkaðar til sölu.....	37.232	36.929
Veltufjármunir	47.994	46.677
Eignir alls	70.432	69.727

Skuldir og eigið fé	31.03.2022	31.12.2021
Eigið fé		
Eigið fé.....	30.895	31.079
Langtímaskuldir		
Skuldabréfalán.....	5.946	5.943
Leiguskuldbinding.....	617	653
Tekjuskattskuldbinding.....	502	604
Langtímaskuldir	7.065	7.200
Skammtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir.....	1.500	1.518
Viðskiptaskuldir.....	2.700	2.141
Næsta árs afborgun.....	182	180
Aðrar skammtímaskuldir.....	2.154	1.783
Skuldir vegna eigna sem flokkaðar eru til sölu.....	25.936	25.826
Skammtímaskuldir	32.472	31.448
Skuldir og eigið fé alls	70.432	69.727



*Án stjórnvaldssektor árið 2020
Leiguskuldbindingar taldar með frá árinu 2019



Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	1F 2022	1F 2021
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður ársins.....	574	504
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir og virðisrýrnun.....	753	770
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	(4)	(1)
	<u>1.323</u>	<u>1.273</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.....	313	1.234
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.636	2.507
Nettó greiddir vextir.....	(25)	(115)
Greiddir skattar.....	(139)	(220)
Handbært fé frá rekstri	1.472	2.172
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(255)	7.007
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	33	(95)
Sala eignahluta og aflögð starfsemi.....	0	(8.394)
Fjárfestingarhreyfingar	(222)	(1.482)
Fjármögnunarhreyfingar		
Viðskipti með eigin bréf.....	(930)	(749)
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(46)	(43)
Nettó breyting á lánum.....	(18)	71
Fjármögnunarhreyfingar	(994)	(721)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	256	(31)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	(6)	(7)
Handbært fé í upphafi árs.....	3.509	735
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u>3.759</u>	<u>697</u>

Efnahagur og sjóðstreymi


- Eignir Mílu eru flokkaðar til sölu í efnahagsreikningi
- Birgðir aukast á milli tímabila
 - Tímabundið há lagerstaða á endabúnaði viðskiptavina (beinar og myndlyklar).
 - Tæplega 300 m.kr. hækkun á sjónvarpsefni til sýningar.
- Handbært fé eykst verulega á milli tímabila
 - Tengist breyttri fjármagnsskipan Símans.
 - Endurkaup aukast um tæpar 200 m.kr.
- Litlar fjárfestingar á 1F á þessu ári – aukast á 2F
 - Að hluta til lækkun vegna afsláttar sem tengjast fyrri tímabilum.
 - Sýningarréttur af enska boltanum að hluta greiddur á 1F 2021 en engar greiðslur verða af sýningarrétti enska boltans á þessu ári.
- Langtímalán Símans eru afborgunarlaus



Fjárfestingar





Fjárfestingar án Mílu



Fjárfestingar Símans aukast talsvert í ár, sem er tímabundin aukning


- Vegna endurnýjunar á sýningarrétti að ensku úrvalsdeildinni og þar sem nú er fyrsta ár nýs samnings (framhlaðin fjárfesting). Nýr sýningarréttur færirst á fjárfestingu á 3F 2022. Fyrsta greiðsla var árið 2021 en ekkert er greitt vegna réttarins árið 2022.
- Vegna aukinnar fjárfestingar í innri kerfum Símans. Verkefnin tengjast nýjum tekjutækifærum á m.a. sjónvarpsmarkaði og stafrænni þróun Símans.
- Án þessara tímabundnu fjárfestinga eru fjárfestingar í hefðbundnum rekstrarfjármunum og öðrum sýningarréttum 2,3 til 2,6 ma.kr.



*Endurgert m.v. breytta framsetningu á sýningarrétti sjónvarpsefnis




Um starfsemina



Breytingar á skipuriti Símans

- Breytingar sem miða að því að auka sveigjanleika til að takast á við breytingar á markaði
 - Nýja skipulagið mun styðja við stuttar boðleiðir, ýta undir opin samskipti, fjölbreytt viðhorf og hraða ákvarðanatöku.
 - Sérstök áhersla lögð á sjálfbærni og sjálfsafgreiðslu.
- Auglýst eftir tveimur nýjum framkvæmdastjórum
 - Sala og þjónusta.
 - Sjálfbærni og menning.
- Tvö önnur ný svið - í stað eldri sviða - verða til við breytinguna
 - Miðlun og markaðsmál.
 - Stafræn þróun.
- Fjármálasvið lítið breytt
- Millistjórnendum mun fækka í tengslum við breytingarnar og skilvirkni í rekstri eykst
- Breytingarnar taka gildi eigi síðar en 1. júní



Nýsköpun og þróun

- Magnaður mars haldinn í annað sinn
 - Hugmyndasamkeppni meðal starfsmanna.
 - Margar hugmyndir komu fram og ákveðið að fara áfram með 9 verkefni.
 - Sigurvegari síðasta árs var raddstýring á íslensku.
 - Reddum málinu er samstarfsverkefni með Almennarómi og Háskólanum í Reykjavík.
- Raddstýring á íslensku
 - Sigurvefni Magnaðs mars frá síðasta ári.
 - Komið í prófanir.
 - Samstarf við Háskólann í Reykjavík og Almennaróm.
- Stafrænni þróun hraðað
 - Skipulagsbreytingar ásamt auknum fjárfestingum í stafrænni þróun á næstu misserum er ætlað að auka snerpu og hraða vöruþróun og búa félagið þannig undir breytt rekstrarumhverfi í kjölfar sölu á Mílu.



Sjónvarp Símans í fararbroddi

- Sterk staða í innlendri dagskrágerð
 - Áskrifendur að Sjónvarpi Símans Premium kunna að meta fjölbreytt innlent dagskrárefni eins og Brúðkaupið mitt, Tilraunir með Vísinda Villa, Morð í norðri, Tulipop, Ræktum garðinn, Venjulegt fólk og Heima með Helga.
 - Síminn fjárfestir mest af íslenskum stöðvum í efni sjálfstætt starfandi framleiðenda. Í sumar verða teknar upp tvær leiknar þáttaraðir.
- Venjulegt fólk
 - Fimmta þáttaröðin tekin upp í sumar, auk jólaþáttar.
 - Aldrei hefur íslensk þáttaröð farið í fjórar þáttaraðir, hvað þá fimm.
- Síminn Sport
 - Áhorf aukist mikið síðustu þrjú tímabil.
 - Í ágúst 2022 hefst fyrsta tímabilið af enska boltanum af nýju samningstímabili Símans við Premier League.
- Brúðkaupið mitt
 - Framhald af Jarðarförinni minni.
 - Frumsýnd í heild sinni í Sjónvarpi Símans Premium um páskana.
 - Þættirnir hafa þegar náð yfir 100 þúsund spilunum.

VÖLLURINN







Fjártækni, vild og lífstílsapp

- Allur rekstur sem tengist fjártæknilausn Símans var færður í dótturfélag um sl. áramót. Félagið heitir Síminn Pay ehf. og er í fullri eigu Símans.
- Góður stígandi hefur verið í útlánum allt frá því að varan var kynnt í maí 2019.
- Rekstur félagsins er fjárhagslega sjálfbær og hagnaður er af rekstri félagsins.
- Síminn mun útvíkka vöruframboð sitt á næstu misserum.
- Skráðir notendur Síminn Pay appsins eru nú 59 þúsund.

Staða útlána í lok ársfjórðungs (m.kr.)





Míla



Sala Mílu til Ardian er til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu

- Til upprifjunar
 - Síminn undirritaði í október sl. samning um sölu á öllum eignarhlut sínum í Mílu.
 - Kaupandi er Ardian sem er leiðandi innviðafjárfestir í Evrópu.
 - Virði viðskiptanna er 78 ma.kr. og áætlaður söluhagnaður rúmlega 46 ma.kr.
 - Síminn fær greitt á efndadegi (e. closing) um 44 ma.kr. í reiðufé og 15 ma.kr. í formi skuldabréfs til þriggja ára.
 - Gerður er 20 ára heildsölusamningur á milli Símans og Mílu.
 - Ardian hefur boðið íslenskum lífeyrissjóðum að taka þátt í kaupunum.
- Samkeppniseftirlitið er með málið á sínu borði
 - Tilkynnt var þann 14. mars að stofnunin ætlaði að rannsaka samrunann nánar. Hefur stofnunin þá frest frá þeim degi til að ljúka rannsókninni sem telur alls 90 virka daga eða til 27. júlí.
- Samningur við ríkið
 - Viðræðum milli ríkisins og fulltrúa Mílu, Símans og Ardian um leiðir til að tryggja að starfsemi Mílu samrýmist þjóðaröryggishagsmunum í nýju eignarhaldi erlendra aðila lauk með undirritun samnings í desember sl. um kvaðir sem Míla tekur á sig vegna þjóðhagslega mikilvægra fjarskiptaneta.
 - Þar með er staðfest að fjarskiptakerfi Mílu uppfylla kröfur ríkisins um þjóðaröryggi og má því segja að kerfi Mílu séu öruggustu fjarskiptakerfi landsins.



Lykiltölur úr rekstri Mílu

Lykiltölur	1F			
	2022	2021	Breyting	%
Rekstrartekjur.....	2.128	2.136	(9)	-0,4%
Rekstrargjöld.....	(873)	(870)	(3)	0,3%
EBITDA	1.255	1.266	(12)	-0,9%
Afskriftir.....	(722)	(648)	(74)	11,4%
EBIT	533	618	(85)	-13,8%
Fjármagnsliðir.....	(290)	(155)	(135)	87,0%
Rekstrarafkoma fyrir skatta	243	463	(220)	-47,5%
Skattar.....	(50)	(94)	44	-46,7%
Hagnaður	193	369	(176)	-47,7%
Fjárfestingar.....	629	602	27	4,5%

Míla

- Rekstur Mílu stöðugur á milli tímabila
 - EBITDA svipuð á milli tímabila.
- Aukning afskrifta tengist eignakaupum Mílu af Símanum frá árinu 2021
- Aukning varð á skuldsetningu Mílu þegar fjárhagsskipan félagsins var breytt í byrjun 2F árið 2021
- Vaxtakostnaður eykst í kjölfarið




Hluthafar



Hluthafar



Hluthafar 20.4.2022	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	1.162.220.631	15,92%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	868.257.927	11,89%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	770.000.000	10,55%
Gildi - lífeyrissjóður	612.192.195	8,39%
Íslandsbanki hf,safnskráning 2	396.693.435	5,43%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	330.650.161	4,53%
Stapi lífeyrissjóður	296.751.432	4,07%
Birta lífeyrissjóður	275.446.563	3,77%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	275.000.000	3,77%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	251.575.320	3,45%
10 stærstu hluthafar	5.238.787.664	71,76%
Aðrir hluthafar	1.984.965.586	27,19%
Samtals útstandandi hlutir	7.223.753.250	98,96%
Eigin bréf	76.246.750	1,04%
Heildarhlutafé	7.300.000.000	100%



- ## Hluthafar
- Endurkaupaáætlun
 - Endurkaup á fyrsta ársfjórðungi námu 930 m.kr.
 - Arðgreiðsla ársins var 500 m.kr.
 - Núverandi endurkaup byggja á áætlun sem tilkynnt var til Kauphallar þann 14. mars sl.
 - Hluthafar voru 1.211 í lok 1F 2022 og hefur fækkað um 32 það sem af er ári.
 - Hlutabréf Símans hafa hækkað um 6,4% það sem af er ári og um 21,8% undanfarna 12 mánuði.



Horfur 2022




Rekstrarhorfur 2022

Rekstrarhorfur óbreyttar

- Árið fer vel af stað og afkomuvöxtur er talsverður
- Horfur fyrir árið eru góðar og sala gengur almennt vel
 - Tekjuaukning nær ekki að halda í við verðbólguþróun
- Verðbólga er mikil sem óhjákvæmilega setur þrýsting á kostnað
 - Jákvæð gengisþróun mótvægi gegn áhrifum verðbólgu
- Stöðugt unnið að aðlögun rekstrar til að bregðast við væntum kostnaðarhækkunum



Horfur fyrir árið 2022





Viðaukar



Lýsing starfsþátta

- **Farsími:** Farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
- **Talsími:** Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
- **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
- **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
- **Annað:** Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.



Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

